

Hverfisráð Kjalarness

Ár 2016, fimmtudaginn 26. maí var haldinn 141. fundur hverfisráðs Kjalarness. Fundurinn hófst kl. 12:03 og var haldinn í Miðgarði, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness. Viðstödd voru Sigríður Pétursdóttir, formaður, Eldey Huld Jónsdóttir, Hafsteinn Númason og Guðfinna Ármannsdóttir. Auk þeirra sátu fundinn Jóna Björg Sætran áheyrnafulltrúi framsóknar- og flugvallarvina, Ingibjörg Sigurþórsdóttir, framkvæmdastjóri Miðgarðs og Þorvaldur Guðjónsson, verkefnastjóri félagsauðs og frístunda í Miðgarði sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Umræður um sameiningu Klébergsskóla og leikskólans Bergs.

Eftirfarandi bókun var gerð af hverfisráði Kjalarness:

Hverfisráð Kjalarness telur að ef vel tekst til feli tillaga eitt í sér tækifæri til að efla skóla- og frístundastarf á Kjalarnesi til framtíðar. Það er hins vegar áhyggjuefni að ekkert skipurit eða annað sem hægt er að leggja reiður á um hvernig starfsmannahald og stjórnendateymi er hugsað. Að mati hverfisráðs Kjalarness er forsenda þess að vel til takist í þessu verkefni að stjórnendateymi nýrrar sameinaðrar stofnunar sé samsett af fagmenntuðu fólki í grunnskóla-, leikskóla- og tómstundafræðum og að jafnræði ríki þar á milli. Stjórnendaspönnin í þessari nýju stofnun er fordæmalaus í skólakerfinu í Reykjavík og því er mikilvægt að innleiðingarferli og breytingum á starfi í nýrri stofnun verði gefinn nægur tími með góðum stuðningi frá Skóla- og frístundasviði ásamt öðru fagfólki sem hefur reynslu af breytingarstjórnun og sameiningarferlum. Búast má við að sérþekking kennara og starfsmanna nýtist fleirum í sameinaðri stofnun en ef um aðskildar stofnanir er að ræða. Má þar nefna sem dæmi stuðning við börn sem þurfa stuðning í námi af ýmsum ástæðum svo sem fötlun eða hafa annað móðurmál en íslensku, einnig umhverfismennt og list- og verkgreinar. Sérmenntað fagfólk sem ráðið hefur verið í annan skólann fram til þessa myndi í sameinaðri stofnun starfa á báðum skólastigum. Þá má búast við að um meiri samfellu í skólastarfi verði að ræða, annars vegar hvað varðar stefnumál skólanna og almennar áherslur í skólastarfinu og hins vegar í málefnum einstakra nemenda. Hverfisráðið fagnar því ef mögulegt er að auka samskipti ólíkra aldurshópa á Kjalarnesi og hvetur til aukins samstarfs skólanna við nærsamfélagið. Benda má á Barnalundinn sem er samfélagsverkefni sem hverfisráðið hefur forystu um og er unnið í samstarfi við leikskólann Berg og 1. bekk í Klébergsskóla, Skógræktarfélag Kjalarness og nú hefur kvenfélagið gefið bekk í lundinn. Æskilegt er að Borgarbókasafnið fái aðstöðu í Klébergsskóla yrðu að veruleika og myndu ýta undir þessa þróun. Hverfisráðið leggur áherslu á að mjög vel þurfi að vanda til verka og vinna í samráði við kennara, stjórnendur og starfsfólk í skólunum. Augljóst er að forsenda þess að um ávinning af sameiningu verði að ræða er að kennarar og fagfólk sjái samstarfið sem spennandi tækifæri og að ríkur vilji sé til samstarfs. Megin áhersa innleiðingarinnar þarf að vera að fá allt starfsfólk skólanna beggja til að sjá að þetta er spennandi og einstakt, án efa verður það verðugt verkefni stjórnendateymisins að fá alla í lið með sér enda er það forsenda þess að verkefnið takist. Eins og fram kemur í tillögunni þarf að yfirstíga ýmsar hindranir verði tillagan samþykkt svo sem hvað varðar ólíka kjarasamninga leik- og grunnskólakennara. Hverfisráðið bendir á að ekki er raunhæft að gera ráð fyrir sparnaði í starfsmannahaldi verði skólarnir sameinaðir. Aftur á móti má vonast til að um sparnað geti orðið að ræða í innkaupum, bæði í mótuneyti og til skólastarfs. Það er áhyggjuefni að hafa engar forsendur til að meta tillögurnar með tilliti til kostnaðar þar sem engin kostnaðargreining hefur verið lögð fram. Skólayfirvöld í Reykjavík verða að vera meðvituð um þá staðreynd að yfir 20 km eru frá Ártúnsbrekku að Klébergi og hefur það áhrif á öll samskipti við aðra hluta borgarinnar vegna kostnaðar. Hverfisráðið bendir á að í gegnum tíðina hefur oft reynst erfitt að fá fagfólk til starfa á Kjalarnesi vegna fjarlægðar og ferðakostnaðar fyrir þá sem búa ekki á svæðinu. Mjög mikilvægt yrði fyrir sameinaða stofnun að þar starfi hæft fagfólk ef markmið

sameiningarinnar eiga að nást. Hugsanlega þarf að huga að sérstökum ráðstöfunum til að svo megi verða. Í því samhengi mætti hugsa sér ferðastyrki eða aukinn aðgang að leikskóla ef pláss leyfa.

Fundi slitið kl. 13:04

Hafsteinn Númason
Eldey Huld Jónsdóttir

Sigríður Pétursdóttir, formaður

Guðfinna Ármannsdóttir